

Reykjavík 27.10.1986

Til ritstjórnar!

Vinsamlegast birtið eftirfarandi grein fyrir mig. Mig langar að biðja ykkur að hafa mynd af mér, ekki af því að mér finnist það til prýði, heldur vegna þess að erum nokkrar alnöfnur innan Kvennalistans svo þær verði ekki gerðar ábyrgar fyrir mínum skrifum.

Bestu þakkir  
*Rúðólf Þórssdóllir  
 Starfshóma Kvænnalistans*

#### HINN UNDARLEGI KVENNALISTI.

Það gerðist fyrir helgi að fjallað var um Kvennalistann í mörgum fjölmáðlum samtímis. I Tímanum, DV og Morgunblaðinu var sagt frá því að fimmti varamaður Kvænnalistans í Reykjavík hefði tekið sæti á Alþingi í fjarveru Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur.

Þykir þetta undarleg skipan mála hjá okkur Kvænnalistakellum. Fyrirsögn Tímans er "Hallæri hjá Kvænnalista" og þykja annir fyrsta til fjórða varapíngmanns ótrúlegar. A sama hátt þóttu það tíðindi bæði á Alþingi og í fjölmáðlum þegar Kvænnalistinn sendi "manneskju neðarlega af lista" á Alsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í fyrra.

Starfshættir og uppbygging Kvænnalistans eru fjölmálfólk greinilega framandi og þá væntanlega einnig fjölmögum öðrum. Til upplýsingar kemur því eftirfarandi:

Við Kvænnalistakonur leitumst við að vera grásrótarhreyfing, sem þýðir það að engin kona á að hafa meiri völd eða áhrif en önnur. Þetta gengur okkur misvel, því við þurfum bæði að passa að ekki komi kalblettir í grásrótina og að snarrótarpuntur myndi ekki stórar þúfur. Við erum formannslausar og reynum að hafa stjórnun eins "flata" og kostur er. A félagsfundum eru mikilvægustu ákvarðanir teknar, en á milli þeirra sjá framkvæmdanefndir "anganna" (deildanna) um reksturinn. Framkvæmdaráð sér á sama hátt um rekstur Samtakanna í heild. Allir fundir eru opnir öllum Kvænnalistakonum.

Ein af forsendum þess að störfum hlaðnar konur geti tekið að sér nefndarstörf fyrir okkur er að þær bindi sig aðeins í stuttan tíma í einu og þannig eru konur að jafnaði fjóra til átta mánuði í hverri nefnd innan hreyfingarinnar. Þetta er líka ein leið til þeis að tryggja valddreifingu.

Það segir sig sjálft að það hlýtur að vera andstætt samtökum sem þessum að númera konur á framboðslista eftir vægi. Það höfum við þó þurft að gera til þess að listar okkar væru löglegir. Eg ber litla virðingu fyrir þessari röðun og man illa hvor á lista hver kona á sæti.

Eg vonað af þessu megi vera ljóst að það er í fyllsta samræmi við starfs-hætti Kvennalistans að fimmти varamaður taki sæti á Alþingi í fjarveru Sigríðar Dúnu. Það er á sama hátt eðlilegt að við sendum "manneskju neðarlega af lista" á Alsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Því má bæta við að inn á þing hafa farið nokkuð margar varaþingkonur fyrir þingkonurnar okkar þrjár. Þær eru þær Kristín Astgeirsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir og María Jóhanna Lárusdóttir. Væntanlega eiga fleiri varaþingkonur okkar eftir að taka sæti á Alþingi í veturn.

En það er fleira sem fjölmíðafólki þykir undarlegt við okkur. Upp á síðkastið hefur mikið verið haft samband til þess að fá fréttir af skipan framboðslista okkar. Það er eðlilegt þar sem nú eru prófkjör og skoðanakannanir í fullum gangi hjá flokkunum. Þykjum við rólegar í tíðinni og menn farnir að velta því fyrir sér hvort við séum jafnvel að lognast útaf.

Það er auðvitað í samræmi við starfshætti Kvennalistans að vera ekki að spá í þingsæti núna. Við lítum á okkur sem samtök um málefni en ekki um persónur. I samræmi við það byrjum við kosningaundirbúning á málefnavinnu. Með stefnuna á hreinu, ætti ekki að þurfa superkvendi til að flytja mál okkar á Alþingi.

Aður en skilafrestur rennur út munum við skila inn framboðslistum með frambærilegum konum í hverju sæti.

Eg veit að flokkarnir hafa þetta öðru vísi, en sérstaða okkar skapast af því að við erum í pólitík á okkar eigin kvenlegu forsendum og starfshættir okkar eru þessir af því að svona hentar okkur að hafa fyrirkomulagið.

Munið því að næst þegar manneskja neðarlega af listanum okkar tekur að sér ábyrgðarstörf kemur það ekki til af hallæri, heldur af því að okkur hefur tekist að halda grasrótinni lifandi.

Fridrun Jónsdóttir  
starfshona Kvennalistans